

Brjef stjórnarráðsins til biskups um breyting á takmörkum prestakalla.**88**

11. sept.

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefndar og löglegrí ályktun hjeraðsfundarins í Suður-Píngeyjarprófastsdæmi 25. júní þ. á. skal stjórnarráðið samkvæmt meðmælum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dags. 30. f. m., og með skirskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla, hjermeð veita leyfi til þess, að Lundarbrekkusókn færíst undan Skútustaðaprestakalli og sameinist Þóróddsstaðarprestakalli.

Ætlast stjórnarráðið til þess að þessi breyting teljist frá síðastliðnum fardögum, og flyst erfiðleikauppbót Skútustaðaprestakalls jafnframt þaðan til Þóróddsstaðarprestakalls.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Kollektusjód Jóns Eiríks.**89**

sonar«, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af ráðherra Íslands 22. júlí 1913. 22. júlí
Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Kollektusjód Jóns Eiríkssonar.

Sjóðurinn, sem í árslokinn 1912 var kr. 15453.24, heitir: »Kollektusjóður Jóns Eiríkssonar«.

Upphaflega er sjóðurinn til orðinn af samskotum andlegrar stjettar manna í Noregi og Danmörku, árin 1775–1786, að forgöngu Jóns konferensráðs Eiríkssonar. Var fjeð ætlað til styrktar fátækum prestum á Íslandi, og síðar ánafnað prestum Hólastiftis.

1. gr.

Vöxtunum af sjóði þessum, sem hingað til hefir verið skift milli nokkurra prestakalla í Hólastifti hinu forna, skal frámvegís varið til styrktar prestum á því svæði, þurfi þeir í langvarandi sjúkdómum að leita heilsubótar utan heimilis fyrir sjálfa sig, eiginkonur sínar eða óuppkomin börn.

2. gr.

Árlega skal leggja við höfuðstólinn $\frac{1}{5}$ hluta vaxtanna, og það frekar, sem eigi notast ár hvert. Meðan Hvanneyrarprestakall er undir hinum eldri launalögum, helst greiðslan þangað óbreytt af vöxtum sjóðsins, 140 kr. árlega.